

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 6. desember 2016  
UST201611-176/B.S.  
10.05.01

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnistaka við Ljósá – Reyðarfjörður. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Ráðgert er að taka allt að 120.000 m<sup>3</sup> af mól á um 46.500 m<sup>2</sup> svæði úr sjávarseti framan við malarfjöru við Ljósá.


Fram kemur í greinargerð að lífríki fjörunnar sé einsleitt og að líklega sé svæðið ekki mikilvægt fyrir ungvíði nytjastofna. Umhverfisstofnun telur til fyrirmyndar að framkvæmdaaðili hafi á undirbúningstíma framkvæmdarinnar brugðist við ábendingum fagstofnana. Efnistökusvæðið hefur verið minnkað í samræmi við ábendingar Hafrannsóknarstofnunar til að draga úr neikvæðum áhrifum á lífríki. Samkvæmt ábendingum Vegagerðarinnar var efnistökusvæðið einnig fært til þess að minnka hættu á landbroti.


Umhverfisstofnun telur að með því að haga framkvæmdinni í samræmi við ofagnreindar ábendingar verði dregið verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki og fjöru við Ljósá.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að nota eigi þau vinnubrögð sem hér hefur verið beitt til að meta framtíðarmöguleika á efnistöku í Reyðarfirði m.t.t. þess að hér er ekki um endurnýjanlega auðlind að ræða sem ber að nýta með eins litlum neikvæðum umhverfisáhrifum og kostur er og jafnframt verði hugað að verndargildi óraskaðra strandsvæða í Reyðarfirði.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri